



Til: Umhverfis- og skipulagsráðs
Númer máls: 22-07-5523
Dagsetning: 12. júlí 2022

Svar við fyrirspurn um fjölda auðra íbúða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 29. júní sl. var fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fjölda lausra íbúða og íbúða sem hafa staðið auðar í lengur en mánuð vísað til umsagnar Félagsbústaða.

Á árinu 2021 var nýtingarhlutfall leigueigna Félagsbústaða 96,5%. Viðmið félagsins er að nýting eigna sé yfir 95% og hefur það gengið eftir undanfarin ár. Á árinu 2021 voru 357 íbúðir endurnýjaðar og standsettar vegna leigjendaskipta og gerðir voru 472 leigusamningar við nýja leigjendur og leigjendur sem fluttust milli íbúða.

Í júlí 2022 eru 3.115 félagslegar íbúðir í eigu og umsjón Félagsbústaða. Á sama tíma voru 50 íbúðir í viðhaldi og ekki komnar til úthlutunar. Af þessum 50 íbúðum hafa 22 íbúðir staðið auðar lengur en einn mánuð.

Markmið Félagsbústaða er að almennt taki standsetning íbúða ekki lengri tíma en einn mánuð. Það veltur á ýmsu hvort það markmið næst. Ástand íbúða við leiguskil er mismunandi og tíminn sem fer í lagfæringar helst í hendur við umfang viðgerða.

Við leigjendaskipti eru íbúðir yfirfarnar og gerðar klárar til áframhaldandi leigu. Þegar styttest í að íbúð verður tilbúin til búsetu á ný er velferðarsviði sem annast úthlutun gert viðvart. Velferðarsvið úthlutar einstaklingi, og öðrum til vara, sendir viðkomandi aðila bréf þess efnis að honum standi til boða tiltekin íbúð og sé veittur 10 daga frestur frá dagsetningu bréfsins til að ákveða hvort íbúðin er þegin eða ekki. Sé henni hafnað fær varamaður samskonar bréf og frest. Að þessum 10 dögum liðnum er gert ráð fyrir að ekki líði fleiri en 3 virkir dagar þar til leigusamningur er undirritaður. Nokkuð er um að íbúðir séu afþakkaðar og lengist þá tíminn sem íbúð stendur ónotuð. Afþakkanir eru af ýmsum ástæðum; staðsetning í húsi, borgarhluti, stærð og skipulag íbúða, bílastæði og fleira.

Virðingarfyllt,

Sigrún Arnadóttir,
framkvæmdastjóri